



STARFSÁÆTLUN

Leikskólinn Jötunheimar

2022 – 2023



Leiðarljós Fræðslusviðs:

Að öll börn og ungmenni eigi kost á menntun og leik við sitt hæfi, þar sem ýtt er undir sköpun og frumkvæði og byggt er á styrkleikum, áhuga og færni hvers og eins. Þeim líði vel, fari stöðugt fram og öðlist uppeldi og menntun sem nýtist þeim í lífinu.

Hlutverk:

Veita börnum og ungmennum bestu mögulegu tækifæri til leiks, menntunar og frístundastarfs í samvinnu við fjölskyldur og nærsamfélagið.
Vera framsækið forystuafl í skóla- og frístundastarfi.

Efnisyfirlit

Inngangur	4
Stutt greinagerð um skólastarfið 2021-2022	5
Mat á leikskólastarfi skólaárisins 2021-2022	7
Innra mat leikskólans.....	7
Starfsmannakönnun skólapúlsins 2022.....	7
Matsáætlun	9
Starfsáætlun skólaársins 2022 - 2023.....	10
Starfsáætlun Háberg (Sólbakki og Sunnuhvoll)	11
Starfsáætlun Miðberg (Fagurgerði og Aðalból).....	15
Starfsáætlun Lágberg (Fossmúli og Merkiland).....	18
Stjórnskipan Jötunheima skólaárið 2022-2023	21
Skóladagatal skólaársins 2022 - 2023	22
Börn, foreldrar o.fl.....	23
Fjöldi barna.....	23
Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings	23
Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála.....	23
Foreldrasamvinna.....	23
Foreldraráð.....	23
Foreldrafélag	24
Foreldrafundir og foreldrafræðsla.....	24
Foreldrasamtöl	24
Fréttir.....	24
Samstarf, fræðsla og ráðgjöf	24
Samstarf við skólaþjónustu Árborgar	24
Samstarf leik- og grunnskóla	24
Samstarf við háskólana.....	25
Annað samstarf	25
Starfsmannamál	25
Fundarhöld, starfsdagar, Haustþing o.fl.....	25
Starfspróun starfsmanna.....	25
Skilgreining á starfspróun	26
Mat á árangri	26
Fjármögnun símenntunar	26
Yfirlit yfir starfspróun skólaársins 2021-2022	27

Leikskólinn Jötunheimar

Heimilisfang: Norðurhólar 3, 800 Selfoss

Aðalsímanúmer: 480-6370

Netfang: jotunheimar@arborg.is

Heimasíða: <http://jotunheimar.arborg.is/>

Opnunartími leikskólans: 7:45-16:30

Inngangur

Samkvæmt lögum um leikskóla 90/2008 kemur fram í 5. mgr. 11.gr. að leikskólastjóra beri að gefa árlega út starfsáætlun leikskóla sem byggir á skólanámskrá leikskólans. Þar sem gerð er grein fyrir starfsemi leikskólans, skóladagatali og öðru er viðkemur starfseminni. Einnig kemur fram að foreldraráð skuli fá hana afhenta til umsagnar áður en hún er staðfest af fræðslunefnd sveitafélagsins. Að því búnu skal starfsáætlunin kynnt foreldrum leikskólabarna.

Hér gefur að líta starfsáætlun leikskólans Jötunheima skólaárið 2022-2023 en hún er hugsuð sem skýr leiðarvísir á því starfi sem fer fram í leikskólanum. Starfsáætlunin er samin í samráði og samvinnu við kennara leikskólans. Hún hefur að geyma hlutverk Jötunheima þar sem einkunnarorð leikskólans koma fram en þau eru: *Leikurinn á vísdom veit*. Einnig má sjá viðfangsefni skólaársins, matslista og starfsþróunaráætlun leikskólans.

Breytingar eru órjúfanlegur þáttur leikskólastarfsins. Reglulega þarf að fara yfir stöðu mála, skoða alla þætti skólastarfsins með gagnrýnum augum, meta og setja sér ný markmið til að stefna að. Að vori er skólastarfið metið og umbótaáætlun gerð í kjölfar. Niðurstöðurnar munu jafnframt birtast í þessari starfsáætlun til að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári.

Selfoss, 1 nóvember 2022

Júlíana Tyrfingsdóttir
Leikskólastjóri Jötunheima

Einkunnarorð Jötunheima
Leikurinn á vísdom veit

Stutt greinagerð um skólastarfið 2021-2022

Skólaárið 2021-2022 í Jötunheimum einkenndist af áframhaldandi breytingum og ýmsum lærdómi sem fylgir breytingaferli. Í byrjun júní 2021 urðu þær breytingar að Júlíana Tyrfingsdóttir snéri aftur til starfa sem leikskólastjóri eftir fæðingarorlof og Ingunn Helgadóttir hélt áfram að starfa sem aðstoðarleikskólastjóri.

Röskun var gegnum gangandi allt skólaárið vegna heimsfaraldurs Covid-19 sem hafði þau áhrif að starfið okkar tók mið af sóttvarnareglum. Við þurftum að loka deildum og haga skipulagsdögum eftir því.

Aðgengi foreldra að deildunum var mest allt skólaárið með óhefðbundnu sniði. Kynningarfundur fyrir nýja foreldra var haldinn með rafrænu sniði fyrir skólaárið en hægt var að bjóða nýja foreldra velkomna vorið 2022. Aðlögun nýrra barna var með hefðbundnum hætti sem var ánægjulegt því við leggjum mikla áherslu á að börn og foreldrar upplifi öryggi og traust strax í upphafi skólagöngunnar. Útskrift elstu barna var haldin í Fjallasal Sunnulækjarskóla og var aðstandendum boðið að vera viðstödd athöfnina.

Lærdómssamfélagið í Jötunheimum hélt áfram að styrkjast þrátt fyrir að fá teymi hafi verið að störfum á skólaárinu. Teymisvinna er orðin fastur hluti af vinnulagi skólans sem kennarar telja vera árangursríka leið til að styrkja starfsaðferðir og efla skólamenningu Jötunheima. Það er mikill kraftur í kennarahópnum og við ætlum ótrauð að halda áfram að gera enn betur. Einn liður í fagstarfi Jötunheima er sameiginlegur fræðilestur allra starfsmanna.

Leikskólinn Jötunheimar er heilsueflandi leikskóli. Markmið okkar er að stuðla að bættri heilsu og líðan allra þeirra sem í skólanum starfa, hafa heilsuhvetjandi áhrif á umhverfi sitt og skapa aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lífsháttum. Heilsuteymi Jötunheima var virkt á skólaárinu og hélt áfram að vinna að innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla. Til að stuðla að meiri hreyfingu var ákveðið að setja upp hreyfihring á útisvæðinu til að auka fjölbreytni og hvetja til aukinnar hreyfingar. Hreyfihringurinn samanstendur af nokkrum æfingum sem hægt er að framkvæma á mismunandi stöðum á leikskólalóðinni. Hönnuð voru spjöld sem sýna mismunandi æfingar og þau hengd upp á kofavegginn sýnileg fyrir stóra og smáa. Ásamt hreyfihringnum voru ýmsar þrautir málaðar á stéttina sem ýta undir leikgleði og fjölbreytta hreyfingu.



Á skólaárinu stóð yfir hönnunar- og hugmyndavinna á einkennismerki leikskólans. Vikuna 14. – 18. febrúar var kosningavika í leikskólanum þar sem kosið var um einkennismerki Jötunheima. Rafræn spurningakönnun var senda á foreldra og kennara leikskólans og kusu börnin inni á sínum deildum. Alls kusu 240 einstaklingar í kosningunni og hlaut hugmyndin sem vann 76% fylgi. Við hönnun merkisins var haft í huga að það endurspeglaði leikskólastarfið sem fer fram meðal kennara og barna. Mikilvægt fannst okkur að Heilsueflandi Leikskóli væri sýnilegt og hann Lubbi okkar. Hönnuður einkennismerkis Jötunheima er Árný Ilse Árnadóttir.



Í maí s.l. var gefin út endurskoðuð skólanámskrá leikskólans og er hún aðgengileg hér: <https://jotunheimar.arborg.is/skolastarfid/skolanamsskra/>. Skólanámskráin var yfirfarin af öllu starfsfólki leikskólans og myndað var teymi innan skólans til að sjá um þá vinnu og fékk foreldraráð Jötunheima skólanámskránni til yfirlestrar og samþykktar áður en hún var gefin út. Í skólanámskránni gefur að líta áherslur okkar í Jötunheimum og er námsviðum leikskólans gerð góð skil með þeim markmiðum og leiðum sem fléttast inn í leikskólastarfið. Námsvið leikskólans byggir á grunnþáttum menntunar sem eru; læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð og sköpun. Í skólanámskránni má einnig finna fræðslu um heilsueflandi leikskóla, uppeldi sem virkar sem við byggjum agastefnuna okkar á, upplýsingar um orðræðuna sem við viðhöfum hér í Jötunheimum ásamt ýmsu öðru fróðlegu efni fyrir foreldra.

Stytting vinnuvikunnar hélt sama fyrirkomulagi og árið áður. Heilt yfir hefur vinnustyttingin gengið vel, ánægja meðal starfsmanna með vinnustyttingardaginn sinn og skrepp hafa minnkað til muna. Vert er þó að nefna að í starfsmannasamtölunum í vor vildu allir halda sama fyrirkomulagi áfram en lýstu yfir áhyggjum af auknu álagi sem er til staðar þar sem ekkert stöðugildi kemur inn fyrir þann sem er í vinnutímastyttingu. Eins nefndu þónokkrir álag sem hlýst af skipulagningu á fagstarfi í kringum aukinn undirbúningstíma og vinnutímastyttingu.

Við munum halda áfram að þróa það góða starf sem nú þegar á sér stað hér í Jötunheimum og stefnum að sjálfsögðu áfram og lengra með því að halda leiknum sem kennsluaðferð hátt á lofti, því *leikurinn á vísdom veit*.

Mat á leikskólastarfi skólaárisins 2021-2022

Í 18. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs. Sveitarfélögin eigi síðan að fylgja innra matinu eftir þannig að það leiði til umbóta í skólastarfi skv. 19. gr. laganna.

Markmið mats og eftirlits með skólastarfi, og þar með markmið innra mats, er að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Innra mati er ætlað að auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum, tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á skv. lögum. Innra matinu er einnig ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðslufirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Aldrei er hægt að skoða allt skólastarfið í einu því það er flókið og margþætt. Ef vel á að takast er mælt með að taka fyrir nokkra þætti í einu, þ.e. lítið umfang, meðan starfsfólk er að tileinka sér verklag innra mats. Mikilvægt er að gera áætlun fram í tímann til að tryggja að matið ná til allra sviða skólastarfsins og mælt er með 3 – 5 árum í það ferli. Matsþáttunum er raðað á áætlunina sem afmarkar þau matssvið sem taka á fyrir á hverju ári. Mikilvægt er þó að endurskoða áætlunina á hverju ári því oft koma upp brýn málefni sem taka skal fyrir. Stjórnendateymi leikskólans sér um að útfæra matsspurningar sem notaðar verða í matinu. Til eru margar góðar leiðir til að meta skólastarf og hér er dæmi um nokkrar:

- ✓ Starfsmannasamtöl.
- ✓ Foreldrasamtöl.
- ✓ Spurningalistar til starfsfólks og foreldra.
- ✓ Mat barna á skólastarfinu (Broskarlakönnun og spurningakönnun).

Niðurstöður og umbótaáætlun birtist síðan í starfsáætluninni og á heimasíðu leikskólans.

Innra mat leikskólans

Mat á starfi skólans fer fram með ýmsum hætti. Á deildarfundum undir stjórn deildarstjóra og á deildarstjórafundum þar sem leikskólastjórar, deildarstjórar og sérkennslustjóri fara yfir stöðu mála. Á skipulagsdögum er unnið að mati á skólastarfinu og á þeim dögum er starfsþróun starfsmanna jafnframt sinnt.

Skólapúlsinn lagði fyrir foreldrakönnun á skólaárinu og var farið yfir niðurstöður hennar á skipulagsdegi í júní. Umbótaáætlun var unnin í kjölfar og verður henni gerð nánari skil hér að neðan.

Starfsmannakönnun skólapúlsins 2022

Niðurstöður starfsmannakönnunar skólapúlsins sem lögð var fyrir í mars 2022 sýnir að starfsmenn eru heilt yfir ánægðir með leikskólann. Niðurstöður skólapúlsins eru flokkaðar niður í sex flokka og verður niðurstöðum gerð skil hér.

- Uppeldi og mennun, starfið og starfsmenn
 - Starfsmenn telja að starfið okkar sé fjölbreytt og nauðsynlegt sé að við höfum tæki og tól til að takast á við eðlilega álagspunkta í því. Mikilvægt sé því að deila gögnum og hjálpast að. Þeir telja jafnframt að vinnuálagið hafi aukist nokkuð eftir tilkomu vinnutímastyttingarinnar og telja að leita þurfi allra leiða til að koma til móts við þessa kjarabót. Starfsmenn telja sig vita hvað felist í starfinu og nauðsynlegt að hafa góða starfslýsingu, skýrt dagskipulag og dugleg að nýta mannauðinn. Starfsmenn

fagna nýtilkominni nýliðaáætlun og binda vonir við að hún hjálpi nýliðum að aðlagast starfinu.

- Vinnustaðurinn
 - Starfsmenn telja mikilvægt að allir upplifi jákvæðan og góðan starfsanda í Jötunheimum, að þeim líði vel og finnist þeir tilheyra hópnum. Mikil áhersla hefur verið lögð á að byggja upp jákvæðan og faglegan starfsanda og sýna niðurstöður í könnunum mikla hækkun á starfsánægju. Starfsmenn telja vinnuaðstöðuna góða að flest öllu leiti en komið sé að endurnýjun ýmissa húsgagna og búnaðar.
- Stjórnun
 - Hvað forystu varðar telja starfsmenn að hún sé sanngjörn og valdeflandi. Þeir telja stjórnendur duglega að nýta mannauð skólans og deili verkefnum á sanngjarnan hátt. Niðurstöður skólapúlsins sem og Maskínu sýna töluverða hækkun á svörun s.l. tveggja ára sem er jákvætt.
- Símenntun og undirbúningstími
 - Starfsmenn lýsa yfir mikilli ánægju yfir því að allir starfsmenn fá undirbúningstíma og passað sé uppá að hann sé bættur ef hann fellur niður. Hvað símenntun varðar þá telja starfsmenn að Covid-19 hafi haft þau áhrif á að minna hefur verið í boði í símenntun en telja að það muni breytast. Góðar ábendingar komu fram yfir því að starfsfólk kalli orðið eftir þátttöku í þróunarstarfi. Bæði þurfi að halda áfram innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla en einnig þurfum við að fara að leggja áherslu á mati barna á skólastarfi.

Matsáætlun

Viðfangsefni sjáfmats	2022-2023	2023-2024	2024-2025	2025-2026
Skólanámskrá Matsþættir: Hugmyndafræðin, markmið, námssvið, áherslur og námsmat.				Yfirfarin og endurútgefin
Foreldrakönnun Matsþættir: Daglegt leikskólastarf, námsumhverfi, samskipti við foreldra, upphaf og lok leikskólagöngu, sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta og opin svör.	Skólapúlsinn		Skólapúlsinn	
Leikskólabörnin Matsþættir: Liðan og þarfir. Samstarf heimila og skóla.	Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl	Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl	Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl	Broskarla og/eða spurn.könnun Foreldrasamtöl
Starfsfólk Matsþættir: Liðan, þarfir, starfsandi, starfshættir, endurmenntun, samskipti og samstarf.	Starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl	Starfsþróunarsamtöl
Starfsmannakönnun Matsþættir: Rekstrarupplýsingar, almennt um starfsfólk, viðhorf til leikskólans, uppeldi og menntun, símenntun og undirbúningur og opnar spurningar.		Skólapúlsinn		Skólapúlsinn
Þróunarverkefni Matsþættir: Þróunarverkefnin eru metin með margvislegum hætti sem tiltekið er í verkferlinu.	Mat barna á skólastarfi Innleiðing farsælarlöggjafafrinnar	Mat barna á skólastarfi Innleiðing farsælarlöggjafafrinnar	Mat barna á skólastarfi Innleiðing farsælarlöggjafafrinnar	

Starfsáætlun skólaársins 2022 - 2023

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins og mikilvægasta náms- og þroskaleið barna. Sjálfsprottinn leikur er hið eðlilega tjáningarform barns. Hann er æðstur allra leikja og gleðigjafi. Til þess að glæða leikinn lífi þarf barnið að búa að fjölbreyttri upplifun úr náttúru, umhverfi og samskiptum. Af þeirri reynslu skapast þekking, nýjar tilfinningar, athafnir og leikni. Í leiknum læra börnin að umgangast hvert annað af virðingu og fá bæði notið hvíldar og útrásar. Samkvæmt rannsóknum er árangursríkasta leiðin fyrir nám barna sem og besta undirbúningurinn fyrir frekara nám og starf síðar á lífsleiðinni að læra í gegnum leikinn.

Leikurinn er kennsluáðferð kennarans. Með því að virða leikinn, skoða hann, þekkja og vera þátttakandi í honum fær kennari góða mynd af getu og þroska hvers barns, stöðu þess í barnahópnum og samskiptum þeirra á milli. Reynsla og þekking kennarans gerir honum kleift að lesa tilfinningar og líðan barns með því að fylgjast með leik þess. Hlutverk kennara er að hlúa vel að samskiptum barna og kennara og innbyrðis milli barnanna. Kennarar eru meðvitaðir um gildi leiksins og mikilvægi þess að vera til staðar þegar á þarf að halda, til að styðja leikinn eða grípa inn í ef þörf krefur.

Sjónrænt uppeldi og áhersla á tilfinningar og tjáningu barnanna er stór þáttur í leikskólauppeldi barna. Það hvetur til skapandi og virkrar hugsunar og eykur sjálfstæði barnanna og trú á þeirra eigin getu. Forsenda lýðræðis er samábyrgð og þátttaka einstaklinga sem gerir þá færa um að móta samfélag sitt og hafa áhrif. Flétta á lýðræði og jafnrétti inn í alla námsþætti Jötunheima. Leikskólinn er fyrir öll börn með ólíkar þarfir og getu. Taka þarf tillit til mismunandi þroska og reynslu einstaklingsins og að hvert barn fái viðfangsefni við sitt hæfi og geti notið sín á eigin forsendum. Börn með fötlun eða frávík í þroska fá sérkennslu samkvæmt reglum sem sveitarfélagið setur þar um. Börn með sérþarfir læra best í leik og starfi með öðrum börnum og megináhersla er lögð á að sérkennslan fari fram í litlum hópum þar sem barnið getur notið sín í félagslegum samskiptum.

Heilbrigði er andleg, félagsleg og líkamleg vellíðan. Heilbrigð samskipti einkennast af gagnkvæmri virðingu. Lykilatriði í hreyfiuppeldi barna er að þau læri í gegnum leik og þess vegna þarf góð hreyfistund að einkennast bæði af skipulögðum og frjálsum leik. Í Jötunheimum er lögð áhersla á að barnið fái markvissa alhliða hreyfingu. Hreyfing er mikilvæg jafnt úti sem inni og börnin hafa ríka þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing leysir úr læðingi sköpunarkraft og framkallar gleði, vellíðan og sterka sjálfsmynd. Öll börn fara út a.m.k. einu sinni á dag en þau sem vilja fara aftur út hafa kost á því. Lögð er áhersla á að matur sé unninn að mestu frá grunni. Eftir hádegismat fara öll börn á yngri deildum í hvíld eftir aldri og þörfum. Eldri börnin taka þátt í samverustundum þar sem áhersla er lögð á lestur.

Í Jötunheimum miðast allt starf leikskólans við leikinn og mikilvægi hans. Samfelldur tími fyrir leik er mikilvægur og dagskipulag miðast við það. Við leggjum ríka áherslu á að andrúmsloft okkar einkennist af vináttu og gleði. Sérstakar áherslur vetrarins er að leggja áherslu á agastefnu Jötunheima. Ætlunin er að lesa Uppeldisbókina og vera með fræðslu til starfsmanna um ítarefnið Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar. Það er búið að vera að ganga mjög vel og mikill áhugi er í húsinu að kynna sér efnið frekar og einnig að vera með námskeið fyrir foreldra. Hvað innleiðingarstarf Heilsueflandi leikskóla varðar þá er það ennþá í góðum farvegi og erum við að bæta okkur á mörgum sviðum og munum halda áfram að gera það. Í vetur verður áherslusviðið Tannheilsa og Geðrækt.

Allir kennarar leikskólans útbúa starfsáætlun um starfið og vinna eftir henni. Í starfsáætluninni má finna leiðir og markmið að öllum þáttum Aðalnámskrár Leikskólanna sem eru; læsi, sjálfbærni, jafnrétti, lýðræði, heilbrigði og velferð og sköpun. Deildarstjórar yfirfari starfsáætlun reglulega yfir veturinn. Á deildarfundum fara fram umræður um hvort og hvernig gengur að vinna að þeim markmiðum sem sett hafa verið. Deildarstjórar setja niður hvenær hver þáttur er tekinn fyrir.

Starfsáætlun Háberg (Sólbakki og Sunnuhvoll)

Læsi

Markmið		Leiðir
# Markviss vinna með læsi í sinni víðustu mynd.		# Vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein # Markviss málörvun þar sem lögð er áhersla á þætti í Hljóm- 2, orðskýringar í lestri, söng, þulum og almennu tali # Þula/vísa mánaðarins # Orð vikunnar (eitt úr vísu mánaðarins) # Orð vikunnar og vísa mánaðarins sett á töflu í fataklefa # Orðaspjallspoki í fataklefa # Bækur og ritföng séu sýnileg og aðgengileg # Bókum sýnd virðing í umgengni # Bókstafir, ritmál og hljóð sýnileg og aðgengileg # Bókaormur og Lubbi heim. Samstarf milli heimilis og skóla (mappa með auðum blöðum til að skrifa á) # Myndrænt dagskipulag # Loðtöflusögur # Útivist/vettvangsferðir/bókasafnsferðir # Virk hlustun # Kennarar noti faglegt og fallegt málfar # Jákvæð samskipti # Frjálsi leikurinn # Talnalæsi # Kamishibai-pappírsleikhús, þjálfar hlustun og frásagnarhæfni
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
# Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn Hljóm-2 TRAS	# Ferli stöðugra breytinga # Umræður	# Allir starfsmenn

» Sjálfbærni

Markmið	Leiðir
» Að kenna börnunum að læra á og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu » Sporna við matarsóun	» Flokka pappír, plast, lífrænan úrgang og málma » Henda rusli í ruslafötur » Tína það rusl sem við sjáum úti þó að það sé ekki eftir okkur » Ganga vel um gróðurinn, t.d. ekki brjóta greinar á trjágróðri

	» Nýta pappír betur, afklippur, búa til litabækur úr a4, plasta a4 til að tússa á. » Fara vel með leikföngin og allan efnivið sem við eigum, bæði inni og úti » Hvetja börnin til að fá sér lítið á diskinn, sérstaklega ef þau eru að smakka í fyrsta sinn. » endurnýting í skapandi starfi » nota verðlaust efni » fræðsla um vistkerfið okkar (ormar,flugur, hvernig verður pappír til). Bera virðingu fyrir öllu lífi » nota smásjár og önnur tæki til að skoða dýr og jurtir	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
» Umræða og endurmat á deildarfundum a.m.k. tvisvar yfir skólaárið	» Ferli stöðugra breytinga » Umræður	» Allir starfsmenn

≠ Lýðræði

Markmið		Leiðir	
≠ Að hvert barn fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum ≠ Vönduð orðræða ≠ Leggja áherslu á virka og gagnkvæma hlustun ≠ Aukið samstarf milli deilda ≠ Börnin hafi vægi í ákvarðanatöku í málefnum sem snerta þau ≠ Að börnin læri að þau hafa ekki alltaf val ≠ Að börnin læri að meirihlutinn ræður		≠ Ein samverustund á degi hverjum þar sem tekin eru fyrir fjölbreytt viðfangsefni ≠ Auka samverustundir/fundir ef ræða þarf sérstök málefni ≠ Tala skýrt og leiðbeina börnum með skýrum fyrirmælum og nota orðræðu sem þau skilja ≠ Nota „nú ætlum við „ í stað „eigum við að ..“ þegar börnin hafa ekki val. ≠ Hlusta á og virða skoðanir allra ≠ Börnin fái að vera með í ráðum þegar farið er í gönguferðir, nokkrir staðir í boði og börnin velja ≠ Samvinna verði milli kennara og nemenda eldri deilda ≠ Að hausti taka börnin þátt í að semja reglur fyrir sína deild	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
≠ Umræða og endurmat á deildarfundum a.m.k. tvisvar yfir skólaárið. Ferli stöðugra breytinga – meta á milli deilda	≠ Ferli stöðugra breytinga ≠ Umræður	≠ Allir starfsmenn	

≥ Heilbrigði og velferð

Markmið		Leiðir	
≥ Að hlúa að þroska og heilbrigði barnanna frá ýmsum hliðum og uppfylla grunnþarfir hvers barns fyrir sig ≥ Auka hreyfingu barnanna		≥ Holtt og fjölbreytt mataræði, fjölbreytni í kaffitímum ≥ Slökun/hvíld ≥ Skipulagðar hreyfistundir í sal ≥ Auka styrk og þol með útivist/gönguferðum/vettvangsferðum ≥ Góðar hreinlætisvenjur ≥ Gott aðgengi að vatni til drykkjar ≥ Læra á eigin tilfinningar og annarra ≥ Heilsueflandi leikskóli ≥ Brjóta upp stundir með hreyfingu ≥ Tannverndarvika ≥ Skipulagðir leikir í útiveru	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
≥ Umræða og endurmat á deildarfundum a.m.k. tvisvar sinni á skólaári	≥ Ferli stöðugra breytinga ≥ Umræður ≥ Gátlistar Heilsueflandi leikskóla	≥ Allir starfsmenn	

≈ Sköpun

Markmið		Leiðir	
≈ Að gefa börnunum tækifæri og aðstæður til að skapa og tjá sig á fjölbreyttan hátt		≈ Nýta þann efnivið sem til fellur við flokkun ≈ Bjóða upp á möguleika á að tjá sig yfir hópinn ≈ Fjölbreyttur efniviður og viðfangsefni í öllu starfi ≈ Hafa efniviðinn sýnilegan og eins aðgengilegan og aðstæður leyfa ≈ Öll börn fari í skipulagða stund þar sem áhersla er á sköpun ≈ Umræður um sköpun og hvað hún felur í sér, t.d. í tónlist, myndlist, sögugerð, leiklist o.s.frv.	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
≈ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	≈ Ferli stöðugra breytinga ≈ Umræður	≈ Allir starfsmenn	

∞ **Jafnrétti**

Markmið		Leiðir
∞ Að öllu leikskólasamfélaginu sé gert jafn hátt undir höfði ∞ Allir fái sömu tækifæri og möguleika á að vaxa, dafna og þroskast á eigin forsendum		∞ Hlusta á og virða skoðanir allra ∞ Bera virðingu fyrir öllum tilfinningum
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
∞ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	∞ Ferli stöðugra breytinga ∞ Umræður	∞ Allir starfsmenn

Unnið á skipulagsdegi í Jötunheimum 22. ágúst 2022 af kennurum á Hábergi.

Starfsáætlun Miðberg (Fagurgerði og Aðalból)

Læsi

Markmið		Leiðir	
# Markviss vinna með læsi í sinni víðustu mynd.		# Vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein # Þula/vísa mánaðarins # Orðaspjallspoki í fataklefa # Bækur og ritföng séu sýnileg og aðgengileg # Bókum sýnd virðing í umgengni # Bókstafir, ritmál og hljóð sýnileg og aðgengileg # Bókaormur og Lubbi heim. Samstarf milli heimilis og skóla (mappa með auðum blöðum til að skrifa á) # Myndrænt dagskipulag # Loðtöflusögur # TMT – Tákn með tali. Notað í ákveðnum aðstæðum dagsins eftir þörfum # Útivist/vettvangsferðir/ # Virk hlustun # Kennarar noti faglegt og fallegt málfar # Jákvæð samskipti # Frjálsi leikurinn # Talnalæsi	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
# Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn.	# Ferli stöðugra breytinga # Umræður	# Allir starfsmenn	

» Sjálfbærni

Markmið	Leiðir
» Að kenna börnunum að læra á og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu » Sporna við matarsóun	» Flokka pappír, plast, lífrænan úrgang og málma » Henda rusli í ruslafötur » Ganga vel um gróðurinn, t.d. ekki brjóta greinar á trjágróðri » Nýta pappír betur, afklippur, búa til litabækur úr a4, plasta a4 til að tússa á. » Fara vel með leikföngin og allan efnivið sem við eigum, bæði inni og úti » Hvetja börnin til að fá sér lítið á diskinn, sérstaklega ef þau eru að smakka í fyrsta sinn. » endurnýting í skapandi starfi » nota verðlaust efni

	» fræðsla um vistkerfið okkar (ormar,flugur, hvernig verður pappír til). Bera virðingu fyrir öllu lífi » nota smásjár og önnur tæki til að skoða dýr og jurtir	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
» Umræða og endurmat á deildarfundum a.m.k. tvisvar yfir skólaárið	» Ferli stöðugra breytinga » Umræður	» Allir starfsmenn

∞ Jafnrétti

Markmið	Leiðir	
∞ Að öllu leikskólasamfélaginu sé gert jafn hátt undir höfði ∞ Allir fái sömu tækifæri og möguleika á að vaxa, dafna og þroskast á eigin forsendum	∞ Hlusta á og virða skoðanir allra ∞ Bera virðingu fyrir öllum tilfinningum ∞ Ýmsar stundir þar sem börnin fá að velja hvað þau gera hverju sinni t.d. við lestur bóka, leikefni o.fl.	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
∞ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	∞ Ferli stöðugra breytinga ∞ Umræður	∞ Allir starfsmenn

≥ Heilbrigði og velferð

Markmið	Leiðir	
≥ Að hlúa að þroska og heilbrigði barnanna frá ýmsum hliðum og uppfylla grunnþarfir hvers barns fyrir sig ≥ Auka hreyfingu barnanna ≥ Takmarka kyrrsetu barna	≥ Holtt og fjölbreytt mataræði, fjölbreytni í kaffitímum ≥ Slökun/hvöld ≥ Skipulagðar hreyfistundir í sal ≥ Auka styrk og þol með útivist/gönguferðum/vettvangsferðum ≥ Góðar hreinlætisvenjur ≥ Gott aðgengi að vatni til drykkjar ≥ Læra á eigin tilfinningar og annarra ≥ Heilsueflandi leikskóli ≥ Brjóta upp stundir með hreyfingu ≥ Tannverndarvika ≥ Hrósa, viðurkenna og hvetja ≥ Skipulagðir leikir í útiveru	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
≥ Umræða og endurmat á deildarfundum a.m.k. tvisvar sinni á skólaári	≥ Ferli stöðugra breytinga ≥ Umræður ≥ Gátlistar Heilsueflandi leikskóla	≥ Allir starfsmenn

≠ Lýðræði

Markmið		Leiðir
≠ Að hvert barn fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum ≠ Vönduð orðræða ≠ Leggja áherslu á virka og gagnkvæma hlustun ≠ Aukið samstarf milli deilda ≠ Börnin hafi vægi í ákvarðanatöku í málefnum sem snerta þau ≠ Að börnin læri að þau hafa ekki alltaf val ≠ Að börnin læri að meirihlutinn ræður		≠ Ein samverustund á degi hverjum þar sem tekin eru fyrir fjölbreytt viðfangsefni ≠ Auka samverustundir/fundir ef ræða þarf sérstök málefni ≠ Tala skýrt og leiðbeina börnum með skýrum fyrirmælum og nota orðræðu sem þau skilja ≠ Nota „nú ætlum við „ í stað „eigum við að ..“ þegar börnin hafa ekki val. ≠ Hlusta á og virða skoðanir allra ≠ Opið flæði milli deilda einu sinni í mánuði þar sem börnin fá að velja leiksvæði og leikefni. ≠ Samvinna verði milli kennara og nemenda deilda ≠ Að hausti taka börnin þátt í að semja reglur fyrir sína deild
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
≠ Umræða og endurmat á deildarfundum a.m.k. tvisvar yfir skólaárið. Ferli stöðugra breytinga – meta á milli deilda	≠ Ferli stöðugra breytinga ≠ Umræður	≠ Allir starfsmenn

≈ Sköpun

Markmið		Leiðir
≈ Að gefa börnunum tækifæri og aðstæður til að skapa og tjá sig á fjölbreyttan hátt		≈ Nýta þann efnivið sem til fellur við flokkun ≈ Bjóða upp á möguleika á að tjá sig yfir hópinn ≈ Fjölbreyttur efniviður og viðfangsefni í öllu starfi ≈ Hafa efniviðinn sýnilegan og eins aðgengilegan og aðstæður leyfa ≈ Öll börn fari einu sinni í viku í skipulagða stund þar sem áhersla er á sköpun ≈ Umræður um sköpun og hvað hún felur í sér, t.d. í tónlist, myndlist, sögugerð, leiklist o.s.frv. ≈ Að börnin fái tækifæri til að nota skynfæri sín í allri sköpun í gegnum leikinn
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
≈ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	≈ Ferli stöðugra breytinga ≈ Umræður	≈ Allir starfsmenn

Unnið á skipulagsdegi í Jötunheimum 22. ágúst 2022 af kennurum á Miðbergi.

Læsi

Markmið		Leiðir	
# Markviss vinna með læsi í sinni víðustu mynd		# Vinna með námsefnið Lubbi finnur málbein # Áhersla á málörvun í öllum aðstæðum; þar sem lögð er áhersla á orðskýringar í lestri einfalda bókanna og talað um innihald og myndir bóka. # Við notum söngva, hreyfisöngva og þulur til að örva tal og skilning. # Vandað orðaval við almennar samræður. # TMT – Tákn með tali. Notað í ákveðnum aðstæðum dagsins t.d. matmálistímum # Bækur séu sýnilegar og aðgengilegar og bókum sýnd virðing í meðhöndlun. # Bókaormur milli heimilis og skóla # Loðtöflusögur / sögukassar # Í öllum aðstæðum er unnið með læsi í sinni víðustu mynd. Við eigum í samræðum við börnin, hjálpum þeim að tjá sig, kennum þeim að umgangast önnur börn í sátt og samlyndi. # Kennarar hjálpi barninu að setja orð á tilfinningar sínar og viðurkenna þær og leiðbeina hvernig vinna skal úr þeim.	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
# Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn # TRAS # Orðaskil	# Umræður	# Allir starfsmenn	

∞ Jafnrétti

Markmið		Leiðir	
∞ Að öllu leikskólasamfélaginu sé gert jafn hátt undir höfði ∞ Allir fái sömu tækifæri og möguleika á að vaxa, dafna og þroskast á eigin forsendum		∞ Hlusta á og virða skoðanir allra ∞ Bera virðingu fyrir öllum tilfinningum ∞ Koma fram við öll börn af virðingu ∞ Koma fram við alla foreldra af virðingu ∞ Koma fram við samstarfsfólk af virðingu	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
∞ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	∞ Umræður	∞ Allir starfsmenn	

» Sjálfbærni

Markmið		Leiðir	
» Að kenna börnunum að læra á og bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfi sínu » Börnin nái þeirri færni að vera læs á sjálfan sig, sínar tilfinningar og annarra » Efla færni í félagslegum tengslum og sjálfstæði		» Gönguferðir » Kenna börnunum að uppgötva umhverfi sitt, hvort heldur sem er inni eða úti. » Lífsleikni og félagsfærninám -Bína bálreiða » Vera góðar fyrirmyndir, nota samræmdar reglur hússins. » Leiðbeina þeim með hvaða hegðun er viðeigandi » Fara vel með leikföngin og allan efnivið sem við eigum. » Nýta pappír vel » Flokka pappír, plast og lífrænan úrgang	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
» Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	» Umræður	» Allir starfsmenn	

≠ Lýðræði

Markmið		Leiðir	
≠ Að hvert barn fái tækifæri til að þrskast á eigin forsendum ≠ Vönduð orðræða ≠ Leggja áherslu á virka og gagnkvæma hlustun ≠ Að börnin læri að þau hafi ekki alltaf val ≠ Að börnin læri að meirihlutinn ræður		≠ Tala skýrt og leiðbeina börnum með skýrum og stuttum fyrirmælum og nota orðræðu sem þau skilja ≠ Börnin velja sér sæti við matarborð og í söng - og samverustundum ≠ Nota „þú mátt velja“ ≠ Nota „nú ætlum við“ - bjóða barni ekki upp á val þegar það á ekki við ≠ Hlusta á og virða skoðanir allra, þetta á við bæði um börn og fullorðna. ≠ Opið flæði milli deilda einu sinni í mánuði þar sem börnin fá að velja leiksvæði og leikefni. ≠ Ýmsar stundir þar sem börnin fá að velja hvað þau gera hverju sinni t.d. við lestur bóka, leikefni o.fl.	
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð	
≠ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	≠ Umræður	≠ Allir starfsmenn	

≥ Heilbrigði og velferð

Markmið		Leiðir
≥ Að hlúa að alhliða þroska og heilbrigði barnanna ≥ Að hlúa að grunnþörfum hvers barns fyrir sig ≥ Takmarka kyrrsetu barna ≥ Að hvetja til heilbrigðs lífennis		≥ Heilsueflandi leikskóli ≥ Hollur og fjölbreyttur matur ≥ Hvíld/Slökun ≥ Skipulagðar hreyfistundir í sal ≥ Útivist/gönguferðir ≥ Góðar hreinlætisvenjur ≥ Kenna handþvott ≥ Gott aðgengi að vatni til drykkjar ≥ Tannverndarvika einu sinni á skólaári ≥ Horfa á jákvæðar hliðar nemenda og kennara ≥ Hrósa, viðurkenna og hvetja ≥ Brjóta upp stundir með hreyfingu ≥ Hreystivika ≥ Hjóladagar
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
≥ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	≥ Gátlistar Heilsueflandi leikskóla – yfirfarnir reglulega ≥ Umræður	≥ Allir starfsmenn


≈ Sköpun

Markmið		Leiðir
≈ Að gefa börnunum tækifæri og aðstæður til að skapa og tjá sig á fjölbreyttan hátt		≈ Fjölbreyttur efniviður og viðfangsefni í öllu starfi ≈ Hafa efniviðinn sýnilegan og eins aðgengilegan og aðstæður leyfa ≈ Að börnin fái tækifæri til að nota skynfæri sín í allri sköpun í gegnum leikinn
Mat	Mælikvarðar	Ábyrgð
≈ Umræða og reglulegt endurmat á deildarfundum jafnt yfir veturinn	≈ Umræður	≈ Allir starfsmenn

Unnið á skipulagsdegi í Jötunheimum 22. ágúst 2022 af kennurum á Lágbergi.

Stjórnskipan Jötunheima skólaárið 2022-2023

Starfsheiti	Nafn	Netfang	Símanúmer
Leikskólastjóri:	Júlíana Tyrfingsdóttir	julianat@arborg.is	480-6372
Aðstoðarleikskólastjóri:	Ingunn Helgadóttir	ingunnh@arborg.is	480-6373
Sérkennslustjóri:	Eyrún Björk Einarsdóttir	eyrunb@arborg.is	480-6375
Deildarstjóri Sólbakka:	Guðrún Hrafnhildur Klemenzdóttir	gudrunhk@arborg.is	480-6383
Deildarstjóri Sunnuhvols:	Anna Þóra Guðmundsdóttir	annathora@arborg.is	480-6382
Deildarstjóri Fagurgerðis:	Hugrún Helgadóttir	anitaros@arborg.is	480-6381
Deildarstjóri Aðalbóls:	Hugrún Helgadóttir	hugrun.h@arborg.is	480-6384
Deildarstjóri Fossmúla:	Bára Kristbjörg Gísladóttir	barak@arborg.is	480-6386
Deildarstjóri Merkilands:	Dagný Björk Ólafsdóttir	dbo@arborg.is	480-6385



Skóladagatal skólaárins 2022 - 2023

Samband íslenskra
sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

Jötunheimar

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 M Fridgur vesturamanna	1 F	1 L	1 Þ Starfsmannafundur 8-10	1 F Félagsdagurinn	1 S Vörðugur	1 M	1 M	1 L	1 M Verkalýðdagurinn	1 F	1 L
2 Þ Sumarfrí	2 F	2 S	2 M	2 F Júlídag töl	2 M Skóladagur 8-10 Lekaskólinn klæður	2 F	2 F	2 S Pálmasunnudagur	2 Þ Vorskóli - Summulestur	2 F	2 S
3 M Sumarfrí	3 L	3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 F	3 M	3 M Vorskóli - Summulestur	3 L	3 M
4 F Lekaskólinn opnar	4 S	4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 L	4 L	4 Þ	4 F	4 S Stjórnadagurinn	4 Þ
5 F	5 M	5 M	5 L	5 M Bakslutsvika 5. - 9. des	5 F	5 S	5 S	5 M	5 F	5 M	5 M
6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ	6 F Bretlandinn Jón kveidd	6 M	6 M Dagur leikskólans Sérútganga	6 M	6 F Skíddagur	6 Þ	6 F
7 S	7 M	7 F	7 M	7 M Alþjóðlegur Kamishibai dagur	7 L	7 Þ	7 Þ	7 F Föstudagurinn langi	7 S	7 M	7 F
8 M	8 F Jötunheimar 14 ára	8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 M	8 L	8 M	8 F	8 L
9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F Rauður dagur	9 M	9 F	9 F	9 S Páskadagur	9 Þ Hljóðdagur	9 F	9 S
10 M	10 L	10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F 112 dagurinn	10 F	10 M Annar í páskum	10 M	10 L	10 M
11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S	11 M	11 L	11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ
12 F	12 M	12 M	12 L	12 M	12 F	12 S	12 S	12 M	12 F	12 M	12 M Sumarfrí
13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 M	13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F Sumarfrí
14 S	14 M	14 F Hvítublaug Lekaskólinn klæður	14 M	14 M	14 L	14 Þ	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F Sumarfrí
15 M	15 F Starfsmannafundur 14-16	15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 M	15 L	15 M	15 F	15 L
16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F Almæli Lúbbi Lepapeyjudagur	16 S Júlídag töl	16 M	16 F	16 S	16 Þ	16 F Sumarfrí Jötunheima	16 S
17 M	17 L	17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 F Korundagsheimsókn 14.30 - 15.30	17 M Vorskóli - Stökkjaskóli	17 M	17 L Ljósveiddagurinn	17 M Sumarfrí
18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 L	18 L	18 Þ Vorskóli - Stökkjaskóli	18 F	18 S	18 Þ Sumarfrí
19 F	19 M	19 M	19 L	19 M	19 F	19 S	19 S	19 M	19 F	19 M	19 M Sumarfrí
20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ Jótuball og plakatúr	20 F	20 M	20 M	20 F	20 L	20 Þ	20 F Sumarfrí
21 S	21 M	21 F	21 M	21 M	21 L	21 Þ	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F Sumarfrí
22 M Skóladagur 8-10 Lekaskólinn klæður	22 F	22 L Fyrsti vetrardagur	22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 M	22 L	22 M Skóladagur 8-10 Lekaskólinn klæður	22 F	22 L
23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F Þorkásmessa	23 M	23 F	23 F	23 S Regnbogavika	23 Þ Fjallaset	23 F	23 S
24 M	24 L	24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Sumarfrí
25 F	25 S	25 Þ	25 M	25 F	25 L	25 M	25 L	25 S	25 F	25 S	25 Þ Sumarfrí
26 F	26 M	26 M	26 L	26 M	26 F	26 S	26 S	26 M	26 F	26 M	26 M Sumarfrí
27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 Þ	27 F	27 M	27 L	27 F	27 Þ	27 F Sumarfrí
28 S	28 M	28 F	28 M	28 L	28 M	28 Þ	28 M	28 F	28 M	28 S	28 F Sumarfrí
29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 S		29 M	29 L	29 M	29 F	29 L
30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F	30 M		30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S
31 M		31 M		31 L Gamli Kristdagur	31 Þ Starfsmannafundur 14-16		31 F		31 M		31 M Sumarfrí til og með 9. ág, Opnum eftir 10. ág 2023

Börn, foreldrar o.fl.

Fjöldi barna

Fjöldi barna í leikskólanum 1. desember 2021 er 120

Aldursskipting	
Börn fædd 2015	38
Börn fædd 2016	37
Börn fædd 2017	27
Börn fædd 2018	18

Fjöldi barna sem nutu sérstaks stuðnings

Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í janúar 2022. Með sérstakan stuðning er átt við þau börn sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika fá sérstaka aðstoð eða þjálfun undir handleiðslu sérfræðinga. Ekki er gerður munur á því hvort stuðningur átti sér stað í nokkur skipti eða allt árið.

Fjöldi barna naut sérstaks stuðnings og fengu hann hjá sérkennslustjóra eða fagstjórum í litlum hópum í viðbót við það starf sem unnið er á deildum. Börn með fatlanir í leikskólanum fengu þann stuðning sem þau eiga rétt á. Sérkennslustjóri hélt utan um teymisfundi, einstaklingsnámsskrár og annað sem snýr að sérkennslumálum í leikskólanum.

Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku og fjöldi tungumála

Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri. Miðað er við upplýsingar úr skýrslu sem send var til Hagstofu Íslands í desember 2021 voru fjögur börn sem eru tvítyngd og fjöldi tungumála eru þrjú.

Foreldrasamvinna

Markmið okkar er að foreldrum finnist þeir velkomnir í leikskólann. Við leggjum áherslu á gott samstarf og gagnvirkt upplýsingastreymi. Við teljum að það sé börnunum fyrir bestu að gott upplýsingaflæði sé milli heimilis og skóla. Á skólaárinu voru nokkrir viðburðir þar sem til stóð að bjóða foreldrum að taka þátt í. Vegna Covid-19 var þeim viðburðum ýmist aflýst eða breytt framanaf skólaári. Við náðum þó hins vegar að bjóða foreldrum í foreldrasamtöl hingað í leikskólann og foreldrar voru einnig velkomin til okkar á vorhátíðina sem haldin var í júní. Kynningarfundur fór fram með rafrænum hætt, sendur var heim glærupakki með ýmsum upplýsingum.

Foreldraráð

Í vetur var starfsrækt foreldraráðs í leikskólanum. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og fræðslunefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans.

Foreldrafélag

Allir foreldrar leikskólabarnanna gerast sjálfkrafa meðlimir í foreldrafélagi Jötunheima. Foreldrafélagið og leikskólinn eru í góðu samstarfi. Á skólaárinu 2021 – 2022 bauð foreldrafélagið meðal annars upp á sýningu frá flækjuhópnum, stóð fyrir vasaljósiferð í desember og páskaeggjaleit í dymbilviku. Í tannverndarvikunni í febrúar gaf foreldrafélagið öllum nemendum leikskólans tannbursta og útskriftarbörnum Jötunheima gjöf (merkt handklæði) á útskriftardaginn. Á vorhátíð leikskólans stóð til að fá sýningu frá fimleikafélagi Selfoss en féll sú sýning niður vegna veðurs. Í lok á skólaárinu gaf foreldrafélagið okkur leikföng, snjópotur og bækur.

Foreldrafundir og foreldrafræðsla

Kynningarfundir fyrir foreldra voru áætlaðir í lok september en vegna Covid-19 var ákveðið að halda sama fyrirkomulagi og árið áður og senda kynningu heim rafrænt.

Foreldrasamtöl

Foreldrasamtöl fara að jafnaði fram tvisvar sinnum á skólaári, að hausti er boðið upp á stutt TRAS samtali í kjölfarið af TRAS skráningu sem framkvæmd er á 6 mánaða fresti. Á haustin er foreldrum nýrra barna boðið í svokallað aðlögunarsamtal til að fá að heyra hvernig leikskólagangan fer af stað, líðan barnsins í leik og starfi. Einnig nota deildarstjórar þetta samtali til að fá mat á aðlögun barnsins frá foreldrum. Á skólaárinu bauðst foreldrum að koma í foreldrasamtöl í leikskólann eða á TEAMS vegna og tókst það mjög vel.

Fréttir

Fréttir af skólastarfinu eru settar á heimasíðu leikskólans, jotunheimar.arborg.is. Einnig senda deildarstjórar í upphafi mánaðar skipulag mánaðarins og reglulega fréttir af sinni deild til foreldra.

Samstarf, fræðsla og ráðgjöf

Samstarf við skólaþjónustu Árborgar

Við höfum átt í góðum samskiptum við Skólaþjónustu Árborgar í vetur. Þar gátum við leitað til og haft samráð við kennsluráðgjafa, sálfræðing og talmeinafræðing. Ráðgjafateymisfundir eru haldnir á sex vikna fresti. Haldnir eru tveir fundir samhliða, annar fyrir deildarstjóra yngri deilda og hinn fyrir deildarstjóra eldri deilda. Á Ráðgjafateymisfundunum sitja frá skólaþjónustu Árborgar; sálfræðingur, leikskólaráðgjafi, ráðgjafi í kennslu barna af erlendum uppruna, fulltrúi frá félagsþjónustu Árborgar, talmeinafræðingur og ráðgjafaproskajálfari. Misjafnt er hvað margir af þessum aðilum sitja fundina. Á vegum leikskólans sitja, sérkennslustjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar.

Samstarf leik- og grunnskóla

Vegna stöðu Covid-19 að hausti var ákveðið að nemendur fyrsta bekkjar kæmu ekki í heimsókn í leikskólana á haustönninni.

Á vorönn fór leikskólahópurinn í eina skólaheimsóknir í grunnskólann ásamt því að fara í vorskólann sem voru tveir hálfir daga í apríl og maí. Einnig fór útskriftarárgangur leikskólans í heimsókn í íþrótt- og sundtíma í bæði Sunnulækjarskóla og Stekkjarskóla ásamt því að fara í heimsókn í frístund. Þetta skólaárið fóru engin börn í Vallaskóla. Foreldrar leikskóla boðaðir á kynningarfund hjá grunnskólunum í maí. Í vor voru haldnir skilafundir milli leik- og grunnskólanna þar sem gögnum væntanlegra nemenda var skilað í grunnskólann.

Á skólaárinu fundaði faghópur um samstarf leikskóla og grunnskóla reglulega.

Samstarf við háskólana

Við teljum mjög mikilvægt að vera í góðu samstarfi við háskólana og eflir það tengsl okkar við þá að taka nema. Á skólaárinu voru tveir namar hjá okkur.

Annað samstarf

Á skólaárinu 2021 – 2022 vorum við í góðu samstarfi við aðra leikskóla í Árborg og grunnskólana.

Starfsmannamál

Ánægjulegt er að sjá fjölgun þeirra sem hafa áhuga á að sækja sér menntun á sviði leikskólafræða.

Þrír starfsmenn stunduðu leikskólaliðanám frá Fræðsluneti Suðurlands utan vinnutíma.

Þrír starfsmenn stunda leikskólakennaranám frá Háskóla Íslands.

Fjórir starfsmenn eru í öðru háskólanámi.

Þessir starfsmenn þurftu að mæta í háskólana í staðlotur á vinnutíma. Það sést á þessum tölum að mikill áhugi er fyrir þróun og framsækni í starfsmannahópnum og er það mjög jákvætt. Starfsmenn eru mannauður leikskólans og honum ber að hlúa að, hvetja og styrkja. Það er trú okkar að með áframhaldandi hvatningu þá fjölgi leikskólakennurum í Jötunheimum.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í maí 2022 og fengu allir starfsmenn boð um að mæta í samtalið. Gefin var góður tími í samtalið sem fór fram í viðtalsherbergi leikskólans.

Fundarhöld, starfsdagar, Haustþing o.fl.

Morgunfundir eru haldnir klukkan 8:30 á hverjum morgni og er miðað við að þeir séu ekki lengur en fimm mínútur. Þar er farið yfir stöðuna í húsinu og línur lagðar fyrir daginn. Starfsmenn voru sammála því að það hafi betri tilfinningu fyrir húsinu með því að hafa þessa fundi og stjórnendur finna einnig fyrir meiri yfirsýn starfsfólks yfir húsið í heild. Mjög mikilvægt er samt að passa tímastjórnun og að hafa fundina hnitmiðaða og stutta.

Í vetur hefur hver deild fengið deildarfund í hálf tíma einu sinni í viku. Það hefur reynst starfi leikskólans vel að funda einu sinni í viku því það skilar markvissri og faglegri vinnu.

Deildarstjórafundir voru einu sinni í viku á þriðjudögum kl 13:00-14:00. Á þeim fundum sitja aðilar stjórnunarteymisins og fara yfir starf leikskólans. Deildarstjórar voru sammála því að fundirnir gengju vel, væru hnitmiðaðir og að þær ákvarðanir sem teknar eru sé fylgt eftir.

Á skólaárinu voru reglulega haldnir samráðsfundir leikskólastjóra, samráðsfundir sérkennslustjóra og samráðsfundir sérkennslustjóra og deildarstjóra leikskólans með sérfræðingum Skólaþjónustu Árborgar.

Haldnir voru tveir starfsmannafundir skólaárinu og 7 skipulagsdagar. Allir þessir dagar nýttust vel til fageflingar kennarahópsins og fengum við fyrirlestra frá sérfræðingum sem og nýttum við mannauðinn okkar. Ákall var í kennarahópnum okkar að hafa vinnudag á haustönn og fór skipulagsdagurinn okkar þann 1. nóv í deildarfund og deildarvinnu og var mikil ánægja með þann dag.

Starfsþróun starfsmanna

Símenntunaráætlun Jötunheima er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir skólaárið. Hún er gerð með áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og þar er fjármögnun, skipulag og reglur skilgreindar. Leikskólastjóri ber höfuðábyrgð á framkvæmd og úrvinnslu

símenntunaráætlunarinnar en starfsfólk á eigin símenntun þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

Skilgreining á starfsþróun

Hverjum leikskóla er skylt að gera símenntunaráætlun og henni má skipta í tvo þætti:

- ✓ sem er nauðsynleg fyrir skólann.
- ✓ sem kennarinn metur æskilega fyrir sig.

Skólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið út frá áhersluatriðum næsta vetrar, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Kennurum og starfsfólki er skylt að fara á námskeið samkvæmt símenntunaráætlun skólans.

Ákvörðun skal tekin af skólastjóra hvað skal bjóða kennurum upp á mörg námskeið á skólaári út frá því sem þeir hafa áhuga á, til að halda sér við í starfi eða að bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Í starfsmannasamtölum sem haldin eru einu sinni á ári er farið yfir óskir og þarfir starfsmanna og þær eru skráðar niður. Skólastjóri auglýsir öll fræðsluerindi og námskeið sem berast með því að senda tölvupóst og/eða hengja upp á upplýsingatöflu á kaffistofu og í undirbúningsherbergi.

Mat á árangri

Það er á ábyrgð leikskólastjóra að skrá og staðfesta símenntun. Ábyrgð starfsmanns felst í að óska eftir skráningu og staðfestingu þegar hann getur sýnt fram á að símenntun sé lokið hverju sinni. Matshæf símenntun er símenntun sem er samþykkt af starfsmanni og stjórnanda, haldin í eða fyrir utan vinnutíma. Leikskólastjóri metur hversu vel starfsfólki hefur tekist að uppfylla kröfur í áætlun þeirra. Hann tilkynnir með fyrirvara því starfsfólki sem þarf að ljúka áætlun áður en launahækkun tekur gildi.

Fjármögnun símenntunar

Valkostir:

Skóli greiðir 100%	Skóli greiðir og starfsmaður	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaðurinn greiðir vinnutíma samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Vinnustaðurinn greiðir námskeiðsgjald.	Skóli greiðir vinnutímann samkvæmt starfshlutfalli en yfirvinna er ekki greidd. Starfsmaður greiðir námskeiðsgjald/sækir í sjóðinn sinn.	Starfsmaðurinn fær launalaust leyfi og greiðir námskeiðsgjald sjálfur.
Starfstengd ósk <u>stjórnandans</u> og þátttaka er innan vinnutíma. Starfstengd ósk <u>starfsmanns</u> og þátttaka er innan eða utan vinnutíma, þó alltaf ákvörðun stjórnanda.	Starfstengt en ekki forgangsmál. Þátttaka innan eða utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi starf eða framtíðarstarf.
Námskeið á starfsdegi og á starfsmannafundum. Sérstök námskeið er tengjast markmiðum og/eða áherslum skólans sem starfsmaður sækir að beiðni leikskólastjóra.	Yfir árið: <u>Eitt námskeið á hvern starfsmann.</u>	Sækja þarf um með góðum fyrirvara til leikskólastjóra sem metur aðstæður hverju sinni. Leyfi til að sækja námskeið einungis veitt ef það hefur ekki veruleg áhrif á starfsemi leikskólans að starfsmaður sé frá vinnu.

Yfirlit yfir starfsþróun skólaársins 2021-2022

Símenntun	Tilgangur og efni	Tímafj	Kostnaður	Þátttakendur	Ábyrgð	Hvar
Starfsmannafundur 9.ágúst 2021	✓ Farið yfir ýmis mál (nagg og nuð) ✓ Hugvekja um leikskólastarfið - Gísli bæjarstjóri ✓ Kynning á listsköpun - Anna Guðrún og Pascale ✓ Deildarfundir og undirbúningur fyrir komu barnanna	2 klst. 8:00-10:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Jötunheimar
Skipulagdagur 7. september 2021	✓ Farið yfir ýmis mál (nagg og nuð) ✓ Unnið í starfsáætlun deildanna ✓ Umræða um framtíðarsýn leikskóla Árborgar og innra mat ✓ Deildarfundir ✓ Nýliðakynning fyrir nýja starfsmenn	8 klst. 8:00-16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Jötunheimar
Hautþing 8. október 2021	✓ Haustþingið var rafrænt og voru starfsmenn hér í húsi. ✓ Fyrir hádegi var val um námskeiðin “fjölbreyttar kennsluaðferðir” (Hlin Magnúsd) og “Hvernig má fyrirbyggja erfiða hegðun” (Elisa Guðnad.) ✓ Eftir hádegi var fyrirlesturinn “Er gaman í vinnunni” (Ingrid Kuhlman)	6,5 klst. 9:00-14:30	Þátttökugjald fyrir alla starfsmenn	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Hótel Selfoss
Skipulagsdagur 1. nóvember 2021	✓ Deildarfundir og deildarvinna	8 klst 8:00-16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Jötunheimar
Starfsmannafundur 10. janúar 2022	✓ Deildarfundir og deildarvinna. Vegna nýlegra Covid smita í húsi var ákveðið að blanda hópnum ekki saman.	2 klst. 8:00-10:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Jötunheimar
Skipulagsdagur 3. febrúar 2022	✓ Farið yfir bruna og rýmingaráætlun, öryggi á vinnustað og menntastefnu Árborgar ✓ Fyrirlestur um snemmtæka íhlutun (Una) ✓ Fræðsla um barnavernd (Anna Rut) ✓ Deildarfundir	8 klst. 8:00-16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Jötunheimar

Skóladagur Árborgar Málþing leikskólanna í Árborg 30. mars 2022	✓ Fyrirlestrar og umræðu um málefni leikskólanna, ✓ Gefin var út skýrsla um helstu niðurstöður og umræður á málstofunni.	8 klst. 8:00- 16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Jötunheimar
Skipulagdagur 6. maí 2022	✓ Farið yfir ýmis mál (nagg og nuð) ✓ Unnið að starfsáætlun næsta skólaárs ✓ Unnið að umbótaáætlun ✓ Deildarfundir ✓ Málað útisvæði	8 klst. 8:00- 16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	
Skipulagsdagur 27. maí 2022	✓ Námsferð - vettvangsferð í leikskóla ✓ Heimsóttum leikskólann Goðheima fyrir hádegi og leikskólann Álfaborg í Reykholti eftir hádegi. ✓ Hópefli eftir leikskólaheimsóknir	8 klst. 8:00 – 16:00	Dagvinna	Allir starfsmenn leikskólans.	Leikskólastj	Jötunheimar